

# Verkefnisstjórn um landsáætlun í skógrækt

## B/t. umhverfis- og auðlindaráðuneytis



Reykjavík 31. janúar 2020

Stjórn Landssamtaka skógareigenda þakkar fyrir tækifæri að skila umsögn og leggur fram fimm atriði sem snúa að landsáætlun í skógrækt.

### Birkið

Stefnt er að því að auka flatarmál náttúrulegra skóga og er það samkvæmt lögum. Í sögulegu samhengi ber að fagna því, sérstaklega ef ætlunin er að stefna á að Íslandi verði eins og það var við landnám. Birkið hefur reyndar úrkynjast í tímans rás og er fjarri því að vera jafn tignarlegt eins og það best getur orðið. Það eru leitun að „náttúrulegum“ birkiskógi á Íslandi sem er tignarlegur en ekki bara óyfirstíganleg kjarrkræða útkynjaðs birkis sem er ekki greiðfært yfirferðar. Vissulega er það ekki algilt og hefur ræktun á stæðilegu birki löngum verið stunduð. Það er notað í skógrækt, við sumarhús, á fólkvanga og í einkagarðinn. Ef ætlunin er að horfa til tíma landnáms þyrfti að auka töluvert á gróðursetningu á kynbættum efnivið fremur en að láta birkið sá sér út nær engöngu. Hér er þó ekki verið að gagnrýna aðferðina við að þekja land með ódýrum náttúrulegum (sjálfsáningu) leiðum, heldur er verið að benda á að kynbæta þyrfti þá þekju og þegar fram líða aldir munu kynbæturnar skila sér í betri og tignarlegri skógi, líkt og hermt er að hafi verið við landnám.

Ef málinu er gefin ögn víðari vinkill má velta fyrir sér hvort landnemar hefðu ekki kosið enn stæðilegri tré en fyrir voru. Við höfum efnivið til að gera gott kjarr að tignarlegum skógi, með tíð og tíma. Ef horft er frá þeirri staðreynd að mestmegnis Íslendingar búa á Íslandi í dag er ekki ólíklegt að fleiri og fleiri útlendingar vilji búa hér eftir eina öld. Not fyrir birki, í menningarheiminum sunnan Íslands, er af skorum skammti enda alla jafna mun notadrýgri tegundir fyrir að finna. Hví ekki að vinna með framtíðinni fremur en að eltast of mikið við fortíðina?

### Notadrjúgar tegundir

Til eru steingervingar á Íslandi af trjám sem alla jafna eru óþekktar fyrir nútíma Íslendingi. Þessa steingervinga er líklega helst að finna í Surtarbrandsgili við Vatnsfjörð, skammt frá Brjánslæk á sunnanverðum Vestfjörðum; steingervingar af tegundum sem eru stórar og einkenna lönd og heimsálfur víða um veröld. Oft heyrast í umræðunni af „ágengum tegundum“ og er þá gjarnan átt við tegundir sem eiga „uppruna“ sinn að rekja út fyrir Frón en hafa engu að síður náð að þrífast þokkalega í harðgeri íslenskri náttúru og hafa auk þess náð að fjölga sér. Á sama tíma er ótti við hraðar breytingar í náttúrunni af völdum hamfarahlýnunar. Í ýmsum löndum, ef ekki flestum, er ótti við útdauða tegunda. Brugðið hefur verið á það ráð að reyna að aðlaga suðrænni tegundir á norðlæ加里 slóðir og hefur Ísland verið nefnd sem slíkt „gróðurathvarf“. Allar plöntur hafa sína eiginleika og sumar eru notadrýgri en aðrar. Mögulega eru einhverjir sem finnast sú hugsun óþægilega að innleiða tegundir frá annarri grundu en íslenskri en með opnum hug, sögð á tímum örra loftslagsbreytinga, má einnig líta á það sem tækifæri inn í framtíðina. LSE telur að umræður um ágengar erlendar tegundir séu barns síns tíma og nú sé kominn tími til að horfa fram á veginn.

### Skógrækt nærri vatni

Vatn er undirstaða lífs. Almenn gróska á vatnasviði áa er talin skipta miklu með fjölbreytni lífrænna efna og fiskgengd í ám. Aðgengi að á eða vatni í skógi er ekki aftrandi fyrir almenning. Í skipulagsreglugerð 90/2013 segir eftirfarandi:

*5.3.2.14. gr.*

*Skipulag við vötn, ár og sjó.*

*Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m.*

Sum sveitarfélög hafa vísað í þetta ákvæði og notað til að sporna við skógrækt nærri ám og vötnum. Þarna má þó ekki lesa neitt um heft aðgengi með skógrækt, enda engin ástæða, því það verður enn aðgengi með skógrækt nærri árbökkum. Fyrir utan það að fólk sækir í skóga til að njóta og skógarreitir eru sjaldnast það stórir að ekki sé stutt í einhverja eyðu eða slóð þar sem aðgengi er jafnvel betra en eftir árbakka.

LSE vill að þetta verði tekið til umræðu og helst lagt niður í reglugerð. Að mati LSE eru engin haldbær rök fyrir þessum bönnum.

Nánar má lesa um skóvistkerfi og vatnsmiðlun í verkefninu "SkógVatn, -Áhrif skógræktar á vatnsgæði, vatnshag og vatnalíf (2007-2010)".

### **Hæðamörk skógræktar**

Það er almennt talað um að skógarmörk á Íslandi séu í um 400-450 m.h.y.s. Út frá þeirri skilgreiningu hafa skógræktarsamningar miðast við að fara ekki upp fyrir þau mörk og er þá miðað við 400 metra „línuna“. Það má vera að skógarmörk hafi verið á þessum bili hér áður fyrr. Með hlýnun jarðar má reikna með breyttum vaxtarskilyrðum á landinu öllu. Árstíðir eru að breytast og jöklar eru að hopa. Mögulega þýðir þetta þurrari tíð á sumum svæðum og tímum og votari á öðrum. Skógar hafa eiginleika að safna vatni úr andrúmslofti og koma í grunnvatn. Það á við um Ísland, líkt og Tenerife. Þegar ákveðin afmörkun á tiltekinni hæðarlínu er dregin upp stöðvar það möguleikann á að gera náttúruleg skógarmörk og getur í sumum tilvikum skorið í augu. Þó viðmiðið um skógarmörk í 400 m.h.y.s. sé ekki galið þá þýðir það ekki allt þurfi að herma eftir því.

LSE telur að endurskoða eigi boð og bönnum um hæðamörk skóga, hvort sem um „íslenskar“ eða aðrar tegundir ræðir. Náttúran skilur hvort eð er ekki boð og bönn okkar manna.

### **Loftslagsmál og umhverfismat**

Horft er til margra atriða við gerð umhverfismats og nokkuð algengt að ólík sjónarmið komi upp í mörgum atriðum. Útlit er fyrir að hnattræn hlýnun sé ógn sem ekki verður svo auðveldlega flúin. Binding kolefnis með skógum er árangursríkasta aðferðin sem móðir náttúra hefur upp á að bjóða til að koma á jafnvægi kolefnis milli jarðar og lofta. Það ætti því að veða umtalsvert við mat á aðgerðum í umhverfi ef ætlunin er að rækta ð skóg. Ljóst er að skógar umbreyta ásýnd mjög á gróðursnaudu landi sem Ísland er. Því skal vanda til verka við landslagsbætur sem skógrækt er.

LSE leggur til að við mat á umhverfi, verði vægi skógræktar gefin jákvæð meðmæli. Óþarfi er að fjölyrða um ágæti skógræktar, hvort sem það er í hagkæmum skilningi að leggja stór svæði undir skóg eða aukna kolefnisbindingu. Samfella skóga er auk þess falletgri að flestra mati en "frímerki" hér og þar.

F.h. Landssamtaka skógareigenda

Hlynur Gauti Sigurðsson

*-Nánari upplýsingar og heimildir sem styrkja stöðir undir fyrirbyggjandi texta er að finna í skrifum sérfræðinga og leiða má líkur að því að einhverjir nefndarmanna þekki þær jafnvel betur en flestir, en LSE leggja lið ef þess er óskað.*